

Landsnet hf  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2014  
Tilvísun: UST20140500083/bs

## Drög að umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023. Umsögn

Vísað er til bréfs Landsnets dags. 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að umhverfisskýrslu.

Megin áhersla er lögð á þrjá valkosti um flutningsleiðir raforku sem fyrst og fremst mun styrkja tengingar milli Suðurlands og Norðurlands. Fjallað er um möguleg umhverfisáhrif mismunandi leiða og valkostir bornir saman.

Kostirnir sem um ræðir eru: A Hálendislína og Norðurland, B Byggðalína, C Hálendislína og vesturvængur. Hér er um að ræð annars vegar línulögn yfir hálendið um Sprengisand og hins vegar lagningu línu frá virkjanasvæðum við Þjórsá sunnan Vatnajökuls í Fljótsdal.

Í minnisblaði ( notat) frá árinu 1995 sem gefið var út af Umhverfis- og iðnarráðuneyti Danmerkur segir m.a. um deilur sem þá voru í Danmörku um staðsetningu háspennulína:

*Konflikterne i forbindelse med højspændingsanlæg er blevet forstærket i de senere år. Der er et stigende ønske om at undgå, at luftledninger placeres i nærheden af bebyggede områder. Men højspændingsmaster er i kraft af deres fysiske dimensioner og synlighed over lange afstande meget vanskelige at indpasse i landskabet. En voksende miljøbevidsthed har derfor ført til ønsker om, at også det åbne land friholdes mest muligt for luftledninger. ( Notat om principper for etablering og sanering af højspændingsanlæg, 1995 bls. 9 ).*

Umhverfisstofnun vill benda á að afstaða almennings á Íslandi til háspennulína er í dag að ýmsu leyti lík því sem var í Danmörku 1995, eins og ráða má af viðbrögðum við við fyrirhugaðar framkvæmdir Landsnets Norðanlands og á SV-horninu. Til að bregðast við þessum ágreiningi er brýnt að auka möguleika Landsnets til að leggja jarð- og sæstrengi um viðkvæm svæði til að draga úr sjónrænum áhrifum háspennulína.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrslu:

Að mati stofnunarinnar þarf að gera grein því fyrir hvort línulagnir samkvæmt einum valkosti útiloki að línur verði lagðar samkvæmt öðrum valkostum, t.d. ef lögð verður lína skv. kosti B mun þá verði ólíklegt að línur verði lagðar skv. kostum A eða C? Þ. e. mun byggðalína verða lögð sunnan Vatnajökuls ef af byggingu hálendislínu verður?

Um tilgang matsvinnunar segir m.a. í kerfisáætlun bls. 3: „*Þar sem unnið er í fyrsta sinn umhverfismat fyrir kerfisáætlun Landsnets var það jafnframt tilgangur með matsvinnunni að móta grunn að framtíðarverklagi Landsnets, sem tryggir að umhverfissjónarmið verði hluti af upplýsingum sem litið er til við ákvörðum um kerfisáætlun.*“

Til að ná þessum markmiðum telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fjallað sé á skýran hátt um kosti og galla þeirra mannvirkja sem um ræðir í líkingu við umfjöllun í ofangreindu minnisblaði. Hér er um stór og fyrirferðamikil mannvirki að ræða sem hafa mikil sjónræn áhrif í för með sér. Mikilvægt er að umfjöllun um mótvægisáðgerðir taki mið af þessu þar sem einu raunhæfu mótvægisáðgerðirnar eru ýmist að velja aðrar línuleiðir eða leggja háspennulínur í jörð þar sem slíkt hentar.

Á bls. 8 segir um möguleg áhrif hálendislínu á ferðaþjónustu og útivist: „*Ekki liggur fyrir stefna um svæði sem ferðaþjónustan, sem heildarsamtök, telur mikilvæg fyrir vöxt og viðgang greinarinnar, eða áætlun stjórnvalda um uppbyggingu greinarinnar. Skortur á þessum upplýsingum takmarkaði umfjöllun um möguleg áhrif kerfisáætlunarinnar á ferðaþjónustu.*“

Umhverfisstofnun bendir á að erfitt getur reynst að skilgreina nákvæmlega hvaða svæði teljast mikilvægust hvað varðar ímynd Íslands. Með þessum hætti er líklegt að möguleg áhrif kerfisáætlunar á ferðamennsku og útivist sé vanmetin og samfélagslegur ávinningur að sama skapi ofmetinn.

Umhverfisstofnun telur erfitt að skilgreina nákvæmlega ákveðin svæði á landinu sem notuð hafa verið á undanförunum árum til að skapa ákveðna ímynd Íslands sem er til þess fallin að vekja ákveðin hughrif hjá áhorfendum/lesendum, sem væntalega verða sannreynd í heimsókn til landsins. Unnt ætti að vera að fjalla um möguleg áhrif kerfisáætlunar með hliðsjón af t.d. skilgreiningu á víðernum. Um þessi atriði segir m.a. í kerfisáætlun:

Samkvæmt tillögu að landsskipulagsstefnu bls. 44 segir m.a. „*Miðhálandið er mikilvægt fyrir ímynd Íslands við markaðssetningu þess sem ferðamannalands, með áherslu á náttúruupplifun og náttúruferðamennsku.*“

Um víðerni segir á bls. 18 í Kerfisáætlun: „*Landslag á miðhálandi Íslands býr yfir ákveðinni sérstöðu. Þar eru með stærstu óröskuðu víðernum í Evrópu (Steve Carver, 2013). Ósnortin víðerni eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd sem landsvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum vélknúinna faratækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum, og þjóðvegum. Þar gætir ekki beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.*“

Um gildi víðerna segir ennfremur á bls. 19: „*Víðerni gegna mikilvægu hlutverki fyrir náttúruferðamennsku en eftirspurn eftir henni fer vaxandi.... Viðhorfskannanir meðal ferðamanna á miðhálandinu sýna að þeir telja ósnortin víðerni vera hluta af aðdráttarafli staðarins og jafnframt að miðhálandið sé víðerni þrátt fyrir að áhrifa mannsins gæti þar.*“

Um línulagnir á lítt byggðum svæðum segir m. a. í fyrnefndu minnisblaði frá árinu 1995: „*Det bør så vidt muligt undgås at placere luftledninger gennem de efterhånden få landskaber, der er uberørt af større tekniske anlæg. Uanset områdernes indhold af naturværdier i øvrigt er det en væsentlig kvalitet, at et landskab er uforstyrret af større veje, ledninger, industrianlæg, vindmøller o. lign. Betydningen heraf er blevet forstærket i takt med, at de uforstyrrede landskabers omfang er reduceret kraftigt gennem de seneste årtier. (Notat om principper for etablering og sanering af højspændingsanlæg, 1995, bls. 26 ).*“

Umhverfisstofnun vill benda á að gildi ósnortinna svæða hefur aukist enn meira frá því sem

var árið 1995, en sífellt færri ósnortin svæði er að finna í heiminum, sjá m.a.:  
<http://sedac.ciesin.columbia.edu/data/collection/wildareas-v2>

Á að á bls. 30 er fullyrt að „*fyrirhuguð byggðalína leið B fari að hluta um óraskað land og eru slík áhrif ekki afturkræf.*“ Umhverfisstofnun vill benda á að hluti leiðar B liggur um sanda og auðnir þar sem framkvæmdir eru afturkræfar. Hér hefði mátt skilgreina nánar hvaða svæði er átt við og hvaða jarðmyndanir og vistkerfi verði líklega raskað með óafturkræfum hætti.

Umhverfisstofnun telur að við mat á áhrifum allra línuleiða eigi sem mótvægisáðgerð að fjalla um áhrif þess að leggja jarðstreng og hvort fyrirhuguð línustæði henti sem strengleiðir. Einnig ætti að gera grein fyrir mögulegri lagningu sæstrengja þar sem unnt er að þvera firði. Hafa mætti til hliðsjónar viðmið sem fram koma í umræddu minnisblaði, en þar segir m.a.: „*Ved den konkrete vurdering af et samlet ledningsanlæg er det afgørende, hvor indgribende anlægget vil være overfor naturbeskyttelsesinteresserne. Hvis luftledninger vil få væsentlige konsekvenser, og der ikke findes acceptable alternative linieføringer, må der ske en kabellægning .* (Notat bls. 27)

Umhverfisstofnun telur að þar sem línuleiðir liggja um svæði á náttúruuminjaskrá ætti að gera grein fyrir hvort háspennulína eða jarðstrengur muni skerða náttúruverndargildi viðkomandi svæða eins og það er skilgreint í náttúruuminjaskrá. Hafa mætti til hliðsjónar viðmið í umræddu minnisblaði: „*Kabellægning bør undgås gennem skove og vådområder (moser o. lign.). Derudover vil kabellægning normalt være uproblematisk i forhold til naturbeskyttelsesinteresserne. Det vil i almindelighed være muligt uden væsentlige meromkostninger at føre et kabel uden om de ret begrænsede områder med arkæologiske og geologiske interesser samt visse fredede områder, hvor en kabellægning vil være uheldig.*“

Samanburður leiða:

Umhverfisstofnun telur að við mat á áhrifum leiðar B á landslag og jarðmyndanir sé ekki tekið nægjanlegt tillit til að nú þegar liggur háspennulína um stóran hluta línuleiðarinnar, þannig að hluti áhrifa er nú þegar kominn fram. Við samanburð leiða ætti að taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af byggingu og rekstri SA-línu hvað varðar takmörkun þess mannvirkis á landnotkun, sjónræn áhrif og líkleg umhverfisáhrif byggingar stærri línu í sama línustæði.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur ýmislegt vanta upp á umfjöllun um þá valkosti sem settir eru fram. Stofnunin telur að hægt sé að draga lærdóm af því sem aðrar þjóðir hafa gegnið í gegnum og er nærtækast að horfa til Danmerkur, en þar fór svipuð umræða fram fyrir 20 árum síðan. Í umræddum minnisblöðum sem gefin voru út af yfirvöldum í Danmörku kemur fram að einu raunhæfu aðgerðirnar sem tiltækar eru til að draga úr neikvæðum áhrifum lagningar háspennulína um sérlega viðkvæm eða mikilvæg svæði er annað hvort að breyta línuleiðinni eða leggja jarðstreng, þar sem jarðstrengur mun ekki valda meira raski en loftlína, t.d. í eldhraunum. Leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að styrkingu rafkerfisins í Danmörku hafa síðan verið uppfærðar og var það síðast gert árið 2008. Í þeim segir m.a.: „*Udbygningen af elinfrastrukturen skal ske under hensyntagen til landskabelige effekter. Danmark er blandt de førende lande i verden med hensyn til at kabellægge højspændingsledninger. Denne udvikling skal fortsættes og forstærkes i takt med fremskridt i de tekniske og økonomiske forudsætninger for en øget*

*kabellægning af elnettet, så mængden af luftledninger i Danmark kan reduceres yderligere. Der skal samtidig ske en forskønnelse af nettet. Forskønnelse kan være kabellægning over kortere strækninger ved byområder og naturområder af national interesse, udskiftning af master i nyt design, eller justering af tracé over kortere afstande. (Energistyrelsen, Nye retningslinjer for kabellægning og udbygning af transmissionsnettet 2008).“*

Umhverfisstofnun telur að Landsnet ætti að líta til fleiri möguleika til raforkuflutnings en eingöngu um loftlínur. Skoða ætti möguleika á lagningu jarð- og sæstrengja samkvæmt ofangreindum ábendingum. Mat á umhverfisáhrifum áætlana er tæki sem hentar vel til greiningar af því tagi.

Virðingarfyllst

*Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir*  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur